



Borgarráð

***Women Political Leaders - Heimsþing kvenleiðtoga***

Lagt er til að borgarráð samþykki beiðni Women Political Leaders, um aukna notkun á nafni Reykjavíkurborgar í samræmi við hjálagt bréf dags. 4. ágúst sl.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf Women Political Leaders vegna Heimsþings kvenleiðtoga, dags. 4. ágúst 2022.



# REYKJAVÍK GLOBAL FORUM WOMEN LEADERS

Reykjavík 4. ágúst 2022

Borgarráð Reykjavíkur  
Einar Þorsteinsson, formaður

Um leið og Women Political Leaders (WPL) þakkar farsælt samstarf við Reykjavíkurborg undanfarin ár vegna Heimsþings kvenleiðtoga (e. Reykjavík Global Forum) vilja samtökin upplýsa borgarráð um fyrirhugaða þróun og stækkun Heimsþingsins á næstu árum. Sú þróun felur meðal annars í sér aukna notkun á nafni höfuðborgarinnar sem við vonum að Reykjavíkurborg geri ekki athugasemdir við.

Líkt og borgarráð hefur verið upplýst um hefur Heimsþing kvenleiðtoga verið haldið í Hörpu í Reykjavík ár hvert í samstarfi við ríkisstjórn Íslands, Alþingi og fjölmarga erlenda og innlenda samstarfsaðila. Mikill fjöldi alþjóðlegra kvenleiðtoga hefur tekið þátt í Heimsþinginu, sem einnig hefur öðlast almenna viðurkenningu sem mikilvægur viðburður til aukins samtals og árangurs í jafnréttismálum. Árangur Heimsþingsins er ekki síst staðsetninginni að þakka, enda Reykjavík og Ísland fyrirmynd margra annarra landa þegar kemur að baráttunni fyrir sömu tækifærum allra kynja.

Nú þegar fyrir liggur að Heimsþingið verði haldið í það minnsta næstu fjögur ár til viðbótar, en samningur þess efnis var undirritaður fyrr á árinu, stendur til að stækka verkefnið enn frekar. Á Heimsþingi kvenleiðtoga í nóvember verður þannig kynnt að Heimsþingið muni í framtíðinni ekki einskorðast við einn viðburð í Reykjavík, heldur stöðugt framboð samtals, heimsóknna og aðgerða þar sem kvenleiðtogum heimsins verður boðið að taka þátt allt árið. Þessi breyting er í samræmi við áhuga þeirra leiðtoga sem hafa sótt Heimsþingið til að læra enn frekar af Íslandi með fleiri tækifærum til tengsla héraendis, en einnig skapar þessi þróun stórauðna möguleika á alþjóðlegri kynningu og útbreiðslu.

Geri borgarráð ekki athugasemdir mun þessi viðbót við Heimsþing kvenleiðtoga verða kynnt í Hörpu í nóvember undir heitinu *The Reykjavík Global Community of Leaders*. Heimsþing kvenleiðtoga verður áfram með sama formi, fjölda þátttakenda og tilgangi en þetta „samfélag kvenleiðtoga“ mun einnig halda smærri viðburði í öðrum borgum heims. Þessir viðburðir verða ávallt undir yfirskrift sem inniheldur heiti höfuðborgarinnar, samanber viðburð sem haldinn verður í Rúanda á næsta ári og myndi bera heitið *The Reykjavík Global Community in Kigali*.

Með virðingu og von um jákvæðar undirtektir.

Silvana Koch-Mehrin  
President and Founder  
Global Forum  
Women Political Leaders (WPL)

Hanna Birna Kristjánsdóttir  
Chair, Reykjavík